

# Fundur í Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (SUMN)

á Borgum á Akureyri og í utanríkisráðuneytinu í Reykjavík,  
föstudaginn 26. febrúar 2016, kl. 10:00 til 12:30.

---

Á fundinn mættu neðangreindir fulltrúar í Samvinnunefndinni:

- Þorsteinn Gunnarsson frá [Rannsóknamiðstöð Íslands](#) (Rannís), formaður nefndarinnar
- Steinunn S. Jakobsdóttir frá [Rannsóknamiðstöð Íslands](#) (Rannís)
- Níels Einarsson frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#) (SVS)
- Brynhildur Davíðsdóttir (fyrir Gísla Pálsson) frá [Háskóla Íslands](#) (HÍ)
- Steingrímur Jónsson (fyrir Joan Nymand Larsen) frá [Háskólanum á Akureyri](#) (HA)

Fjarverandi voru: Helgi Jensson, Héðinn Valdimarsson, Trausti Baldursson og Þóroddur Sveinsson.

Að auki voru á fundinum:

- Árni Þór Sigurðsson frá [utanríkisráðuneytinu](#), sendiherra Íslands í málefnum Norðurslóða (SAO - Senior Arctic Official)
- Tómas Orri Ragnarsson frá [utanríkisráðuneytinu](#)
- Jón Haukur Ingimundarson frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#)
- Embla Eir Oddsdóttir frá [Norðurslóðaneti Íslands](#)
- Halldór Jóhannsson frá [Arctic Portal](#)
- Tom Barry frá [CAFF](#)
- Lára Ólafsdóttir frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#) (fundarritari)

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá:

1. Utanríkisráðuneyti: Helstu mál á döfnni varðandi norðurslóðir
2. Hlutverk og starfsemi SUMN
3. Norræn öndvegissetur um norðurslóðir
4. Staðsetning skrifstofu International Arctic Science Committee (IASC)
5. Fréttir frá stofnunum
6. Norðurslóðadagur hér á landi
7. Arctic Circle
8. Norðurslóðadagur á Grænlandi 2017
9. Hugmyndir um íslenska rannsóknáætlun um norðurslóðir

Þorsteinn Gunnarsson setti fundinn og þátttakendur kynntu sig. Síðan var gengið til dagskrár.

## 1. Utanríkisráðuneyti: Helstu mál á döfnni varðandi norðurslóðir

Árni Þór Sigurðsson tekur nú í fyrsta sinn þátt í SUMN fundi. Hann sagði að SAO fundir [Norðurskautsráðsins](#) væru haldnir reglulega tvisvar á ári og verður næsti fundur um miðjan mars í Alaska. Þar er hefðbundið að fjalla um verkefni hinna sex vinnuhópa Norðurskautsráðsins og fjalla um skýrslur þeirra. Loftslagsráðstefnan í París verður til umfjöllunar og aðkoma Íslands að henni. – Málefni hafsins eru mikilvæg og sérstakur verkefnahópur starfandi sem Ísland, Noregur og BNA eru í forsvari fyrir. Fjallað er um aukið samstarf norðurskautsríkjanna á þessu sviði. Helst er fjallað um ógnun við hafið vegna mengunar og súrnunar hafsins. – Finnar taka við formennsku í Norðurskautsráðinu á næsta ári. Þeir koma til Íslands á fund og kynna sín áherslumál. Ísland tekur við 2019 og vill læra af því sem Finnar gera/skipuleggja. Þeirra umfang er meira á skala við okkur heldur en t.d. hjá BNA. – Tuttugu ár eru síðan Norðurskautsráðið var stofnað og stendur til að halda upp á það með einhverjum hætti. Norðurskautsráðið er ekki nógu vel þekkt og er meiningin að Ísland geri skurk í kynningarmálum. Árni spurði hvort það væri hugsanlegt að þess konar viðburður tengdist eitthvað Norðurslóðadegi SUMN og fannst fundargestum tilvalið að menn sameinuðu krafta sína í afmæli Norðurskautsráðsins og Norðurslóðadegi SUMN.

Spurt var um hlutverk SUMN í formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Árni Þór sagðist sjá fyrir sér að starfsmenn stofnana SUMN (fleiri en fulltrúar í SUMN) kæmu að starfinu.

## 2. Hlutverk og starfsemi SUMN

Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (SUMN) er lögbundin og tengist starfsemi SVS í lögum. Þorsteinn fór yfir fyrri samþykkt SUMN um hlutverk og starf SUMN (fylgdi með fundarboði). Þetta er innra plagg nefndarinnar og ekki staðfest af umhverfisráðuneytinu. Meðal verkefna SUMN eru Norðurslóðadagar sem hafa verið haldnir hérlendis og á Grænlandi. Einnig voru verkefnalistar stofnana á sínum tíma settir inn á vefsíðu SVS og þyrfti að fara að endurnýja þá.

Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra var á Akureyri í gær og Þorsteinn og Jón Haukur áttu fund með henni um framtíð SUMN og starfsemi hennar. Skipunartímabil nefndarinnar rennur út 20. ágúst 2016 og þarf að huga að endurskipun hennar og/eða hvort einhverju skal breyta varðandi skipun hennar og hlutverki.

Þorsteinn gaf orðið laust og bað um álit nefndarmanna.

Árni Þór sagðist hafa hugsað talsvert um þessi mál og ræddi tengingu SUMN við SVS og hvort hún væri lengur við hæfi, en SUMN var sett á stofn árið 1997 með það hlutverk að leitast við að treysta og efla samstarf hlutaðeigandi aðila um rannsóknir á norðurslóðum og málefni Stofnunar Vilhjalms Stefánssonar. Taldi hann að það vantaði heilmarga fulltrúa annarra stofnana sem koma að norðurslóðamálum í nefndina. M.a. er utanríkisráðuneytið ekki í nefndinni, ekki heldur umhverfisráðuneytið. Mikið hefur gerst á síðustu árum sem gefur tilefni til að samstarf um norðurslóðamálin verði endurskoðuð.

Niels tók undir þetta og taldi margt frekar óljóst í starfsemi nefndarinnar. Augljóslega væri þörf fyrir vettvang af þessu tagi, en hann velti fyrir sér hvort nefndin ætti að hverfa frekar til upprunans og sinna frekar rannsóknarsamstarfi, frekar en að sinna stefnumótun og slíku.

Jón Haukur benti á að málið hefði verið rætt við umhverfisráðherra í gær og Árni Þór sagði að utanríkisráðuneytið hefði rætt þetta málefni við umhverfisráðuneytið.

Halldór benti á að ef skilja ætti rannsóknahlutann frá norðurslóðamálunum í víðara samhengi, þá hefðum við Norðurslóðanetið sem gæti séð um hina almennu norðurslóðamál og SUMN um rannsóknahlutann.

Niels sagði að þegar var farið að breyta umfjöllunarefnum SUMN hafi mjög mikið bæst við í þessum málaflokki og SUMN er ekki lengur í jafnstóru hlutverki og áður.

Brynhildur, Jón Haukur, Niels og Þorsteinn buðu sig fram til að ræða frekar hlutverk og starfsemi SUMN við fulltrúa umhverfisráðuneytis. Samþykkt var að vinnuhópurinn héldi símafund bráðlega.

## 3. Norræn öndvegissetur um norðurslóðir

Þorsteinn sagði að málið hefði verið undirbúið af [NordForsk](#) í samvinnu við RANNÍS og norrænu rannsóknaráðin. Auglýst var eftir verkefnum á síðasti ári og mikill áhugi sýndur. Fjórar umsóknir af 34 voru samþykktar. Þetta er í fyrsta skipti sem Grænland kemur inn sem sjálfstæður aðili í NordForsk. [Fjögur verkefni voru samþykkt](#): 1) auðlindanýting og sjálfbær samfélög (REXSAC: SVS er einn samstarfsaðila), 2) hreindýrabúskapur í norðrinu, 3) loftslagsspár (ARCPATH: HÍ og SVS eru meðal samstarfsaðila) og 4) áhrif loftslagsbreytinga á sjúkdóma. Þorsteinn taldi þetta mikinn áfanga í norðurslóðarannsóknum á norrænum vettvangi.

## 4. Staðsetning skrifstofu International Arctic Science Committee (IASC)

Þorsteinn kynnti stöðu mála í kringum hugsanlega staðsetningu [IASC](#) skrifstofunnar á Íslandi (Alþjóðlega norðurskautsvísindanefndin). Ríkjum fjölgar sífellt í þessari nefnd og eru þau nú 23 talsins. Innan IASC eru fimm megin vinnuhópar sem fjalla um mann- og félagsvísindi, freðhvolfið, gufuhvolfið, hafvísindi og landupplýsingar. Skrifstofa IASC hefur sl. ár verið í Potsdam í Þýskalandi og vilja Þjóðverjar að aðrir taki við starfsemi hennar. RANNÍS hefur boðist til að taka að sér að reka skrifstofuna á Akureyri og hefur ríkisstjórn Íslands samþykkt fjárveitingu í þessu skyni enda geri norðurslóðastefna stjórnvalda ráð fyrir að slík starfsemi sé byggð upp á Akureyri í tengslum við stofnanir og fyrirtæki sem tengjast norðurslóðum og hafa reynslu og

faglega þekkingu til að fást við þessi mál. Endanleg ákvörðun verður tekin á fundi aðalstjórnar IASC í Alaska um miðjan mars. Skrifstofan gæti tekið til starfa 1. janúar 2017. Kostnaður yrði 35 milljónir á ári í fimm ár. Reiknað er með að þrír starfsmenn yrðu í tveimur stöðugildum á Akureyri, en einstök aðildarríki IASC leggja líka til starfsmenn í öðrum löndum. Flestir fundarmenn fögnuðu þessum upplýsingum.

## 5. Fréttir frá stofnunum

Níels Einarsson frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar sagði frá áður nefndri aðild að nýju norrænu [öndvegissetri um norðurslóðarannsóknir](#). SVS er aðili að tveimur verkefnum: ARCPATH (Arctic Climate Predictions: Pathways to Resilient, Sustainable Societies) og REXSAC (Resource Extraction and Sustainable Arctic Communities). Þetta eru mjög fjölbjóðleg verkefni. - Áður hafði SVS fengið styrk til þátttöku í verkefni sem kallast [GREENICE](#) (Impacts of sea ice and snow cover changes on climate, green growth and society), sem er þriggja ára verkefni.

Tom Barry frá CAFF sagði að nóg væri að gera hjá þeim og að tveir fundir á vegum Norðurheimskautsráðsins verði á Íslandi í ár.

Embla Eir Oddsdóttir frá Norðurslóðanetinu sagði frá tveggja vikna ferð til Bandaríkjanna þar sem hún dvaldi með fólki við Western Kentucky háskólann sem er samstarfsaðili HA. - Norðurslóðanetið tekur væntanlega þátt í undirbúningi Norðurskautsdagsins með HÍ sem Árni Þór talaði um. - Tekur undir þ.s. Halldór benti áður á, að Norðurslóðanetið er með mjög breitt samstarf og net. - Undirbúningur er hafinn fyrir móttöku starfsmanna frá Bandaríkjunum sem koma til Íslands í sumar. Fjórir verða hjá Norðurslóðanetinu við alls konar verkefni.

Halldór Jóhannsson frá Arctic Portal sagði þau taka þátt í samþættingu og -nýtingu gagna í [SAON](#), m.a. í [Arctic Data Committee](#). Þar eru áhyggjur af fjármögnun til að halda hlutum gangandi og jafnframt vilji til að fá tekjur af þessum gögnum sem liggja hér og þar um heiminn. - Halldór tekur líka þátt í [European Polar Board](#), sem nú er verið að efla. Fundur verður í apríl 2016. - Halldór verður ráðstefnustjóri í Montreal í apríl og í London í september um siglingar. - Framkvæmdum við [rannsóknarstöðina að Kárhóli](#) hefur verið frestað í bili vegna snjóa. Sýningaraðstaðan á jarðhæð verður vígð í október 2016. Aðilar frá Kína og öðrum löndum koma að verkefninu. - Verkefni um sífrera var að ljúka. Út frá því verkefni kom EduArctic verkefnið sem skrifað verður undir í dag; hvatning til ungs fólks um að fara í vísindanám. - Verkefni í gangi um kortlagningu orkugjafa (Arctic Energy Atlas). - Tvær umsóknir um Horizon 2020 verkefni voru sendar inn í síðustu viku, þau taka þátt í ísbrjótaverkefni o.fl. - Arctic Portal hefur bætt við sig tveim nýjum starfsmönnum, eru nú 12 alls, þar af þrír Íslendingar.

Steingrímur Jónsson frá Háskólanum á Akureyri sagði að nýr Nansen prófessor verði ráðinn í haust, en í stöðunni er núna Dr. Jessica Shadian. Sérsvið hennar er lögfræði og stjórnun norðurskautsins. - Tvær ráðstefnur tengdar norðurslóðum verða á Akureyri á árinu. Í maí verður ráðstefna um rannsóknir á dreifbýli ([Nordic Ruralities: Crisis and Resilience](#)) og í október verður [Polar Law Symposium](#) eins og venjulega og verður hún í tengslum við [Arctic Circle](#).

Tómas Orri bætti við að Nansen samningurinn yrði framlengdur um þrjú ár og honum aðeins breytt.

Brynhildur Davíðsdóttir frá Háskóla Íslands fagnaði þátttöku í áður nefndu ARCPATH verkefni. - Hún sagði algjöra sprengingu vera í áhuga á norðurslóðum og mikið að gerast í námsframboði. - Hí verður meira en áður í skipulagningu [Arctic Circle](#) ráðstefnunnar í haust.

Árni Þór tók undir að aukning sé á umsóknum á auglýstum námsleiðum. Sagði líka að margir viðburðir tengdust Arctic Circle, en það væri að verða heldur mikil þröng á þingi á stuttum tíma. Margir gætu ekki sótt allt það sem þeir hafa áhuga á.

Steinunn S. Jakobsdóttir frá RANNÍS sagði að prógrammið Norðurslóðafræði 2015-2017 (Arctic Research and Studies), sem væri tvíhliða samstarf Íslands og Noregs fyrir starfsmenn háskóla og stofnana sem tengjast norðurslóðafræðum, veitti 10 styrki (samtals 150.000 evrur) til HA, HÍ, Hafró og Veðurstofunnar. - Rannsóknasjóður hefur veitt styrki til rannsókna í veðurfari og jöklabreytingum og ýmsu fleiru.

## 6. Norðurslóðadagur hér á landi

Þorsteinn sagði að SUMN hafi staðið fyrir kynningum á rannsóknum og vöktun (2010 og 2013) sem tókust ágætlega. Kominn væri tími til að endurtaka þetta, en það þarf að laga sig að því mikla framboði sem er í landinu á þessum efnum. Telur að skoða ætti þá hugmynd Árna Þórs að sameina SUMN kynninguna 20 ára afmæli Norðurskautsráðsins á einhvern hátt. Jón Haukur tók undir þá hugmynd Árna Þórs.

Árni Þór sagði þetta ekki hafa verið ýtarlega rætt, en þó er hugmynd uppi um að hafa kynningu á Akureyri og svo viðburð fyrir sunnan með fókus á Norðurskautsráðið. Helst fyrir miðjan eða um miðjan september 2016.

Embla Eir vill sameina viðburði og reyna að fækka þeim, það sé orðið allt of mikið af norðurslóðaráðstefnum!

Mælst var til þess að í undirbúningsnefnd fyrir Norðurslóðadag yrðu t.d. Embla, Jón Haukur, fulltrúi frá HÍ og fulltrúi frá utanríkisráðuneyti. Embla vill helst ekki hafa fleiri en þrjá í undirbúningsnefnd.

## 7. Arctic Circle

[Arctic Circle](#) verður 7.-9. október 2016 í Reykjavík. Þorsteinn sagði Rannís, IASC og US Arctic Research Consortium vinna að undirbúningi málstofu og *plenary session* um stöðu vísinda á norðurslóðum. Arctic Circle vindur sífellt upp á sig og á þessu ári verða líka haldin minni *forum*, annað í Grænlandi og hitt í Kanada. Við þurfum að taka tillit til vaxtar Arctic Circle til að ekki verði árekstrar við aðra atburði sem verið er að skipuleggja.

Embla Eir sagði að HA hefði verið með ferskvatns *session* í fyrra og spurði hvort SUMN væri viljug að koma aftur að slíku. Þorsteinn sagðist sakna umræðu um mikilvægi ferskvatns á norðurslóðum og var jákvæður gagnvart aðkomu SUMN að þessu aftur.

## 8. Norðurslóðadagur á Grænlandi 2017

Jón Haukur sagðist bráðlega fara til Grænlands og vill þá gjarnan ræða við aðila þar um endurtekningu á Norðurslóðadegi á Grænlandi. Dartmouth College og Bandaríski vísindasjóðurinn hafa mikinn áhuga á að taka aftur þátt.

## 9. Hugmyndir um íslenska rannsóknáætlun um norðurslóðir

Þorsteinn benti á að öll norrænu ríkin hafi sett upp sérstök rannsóknaprógrömm í norðurslóðamálum. 2007-2008 var hársbreidd frá að valið væri metnaðarfullt öndvegisverkefni um loftslagsbreytingar frá Veðurstofu Íslands og fleiri aðilum, en það náði því miður ekki í gegn. Norðurslóðarannsóknir á Íslandi eru talsvert öflugar, en mjög dreifðar og fókus ekki mjög skýr. Skoða þarf þörf og möguleika á því að setja í gang sérstaka áætlun þar sem rannsóknir á norðurslóðum yrðu eynamerktar.

Níels sagði að sérkennilegt væri að engin íslensk norðurslóðarannsóknáætlun sé til. Aðeins sé vísir að sérstökum styrkjum, en ekki í neinu verulegu umfangi. Í Skýrslu ráðherranefndar um málefni norðurslóða, Hagsmunir Íslands á norðurslóðum, er texti á bls. 9-10 sem gæti verið góður inngangur sem gæti nýst í svona áætlun. Gott og vel að geta sótt í erlenda sjóði, en slæmt að ekki sé neinn íslenskur vettvangur til að fjármagna rannsóknir. Níels telur að SUMN ætti að ýta á að eitthvað verði gert í þessu efni.

Tómas Orri benti á að varðandi ráðherranefndina og hagsmunamatið sem Níels nefndi, þá hefur það ekki verið samþykkt ennþá.

Töluvert var rætt um málið og fundargestir voru sammála um að þrýsta ætti á aðgerðir í málinu. Leitað var sjálfbóðaliða í vinnuhóp um íslenska rannsóknáætlun um norðurslóðir og buðu Níels, Embla Eir, Steingrímur og Steinunn sig fram og jafnvel ættu fleiri að vera með, t.d. Brynhildur frá HÍ (sem var farin af fundinum). Tómas Orri mun senda tölvupóst til þessara og tengja við ráðuneytin.

Ákveðið var að halda næsta fund 15. apríl 2016, kl. 10 á sömu stöðum.  
Fundi slitið kl. 12:30.